

145. fundur skólanefndar ME

haldinn 28. maí 2019 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans

Mættir skólanefndarmenn: Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir, Sigrún Birna Björnsdóttir, Halldór B. Warén og Stefán Bogi Sveinsson.

Mættir áheyrnarfulltrúar: Þórunn F. Víðisdóttir f.h. kennara, Bergrún Arna Þorsteinsdóttir f.h. foreldra. Sigurlaug Eir Þórsdóttir, fulltrúi nemenda, var forfölluð.

Jafnframt sátu fundinn: Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Staðfesting fundargerðar 144. fundar
2. Gangurinn í starfinu
3. Starfsmannamál
4. Gjaldskrárbreytingar
5. Dagatal haustannar
6. Önnur mál

Skúli Björn setur fund um kl. 17:00. Gengið er til dagskrár.

1. Staðfesting fundargerðar nr. 144

Fundargerð 144 staðfest með undirritun á fundinum en hún hafði verið send út til samþykktar eftir síðasta fund.

2. Gangurinn í starfinu

Útskrift fór fram í Egilsstaðakirkju 25. maí en þar útskrifuðust 28 nemendur. Afmælishátíð vegna 40 ára afmælis ME fór fram í Valaskjálfi kvöldið fyrir útskrift. Góður rómur gerður að því meðal fundarmanna, um 300 manns mættu.

Skúli Björn veltir því fyrir sér hvers vegna fjölbrautaskólum gengur illa að koma upp hefðum, s.s. að útskriftarargangar hittist, líkt og gert er í eldri skólum, s.s. MA og MR. Hugsanlega er þetta vegna áfangakerfisins þar sem nemendablöndunin er meiri en í bekkjaskólum.

Starfsdagur var sl. mánudag og var Hilmar Sigurbjörnsson með erindi um helgun og kulnun í starfi o.fl. Eftir það var farið ofan í saumana á kennara- og stúdentakönnunum auk þess sem starfshópar sögðu frá helsta afrakstri vetrarins. Dagurinn endaði með ógleymanleikum, starfsmannaferð, þar sem ýmsir staðir voru heimsóttir, s.s. Vök, Grímsárvirkjun og 1001 nótt. Ferðinni lauk með allsherjar grillsamkomu á lðavöllum.

Hótel Edda er farin að undirbúa hótélrekstur sumarsins en hótelið opnar laugardaginn 1. júní.

3. Starfsmannamál

Árni varpar upp skjali yfir breytingar í starfsmannahópnum. Fyrirséðar breytingar eru þó nokkrar, s.s. í líffræði-, íþrótt-, sálfræði- og lífsleiknikennslu. Valgerður Dögg fer í launað ársleyfi, Hlynur Ármannsson í ólaunað ársleyfi og Sigríður

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'HBSW' and other illegible marks.

Klara í barnseignarleyfi í október. Sigrún Árnadóttir lætur af störfum fyrir aldurs sakir og hefur Katrín Högnadóttir verið ráðinn þýskukennari í staðinn. Margaret Johnson snýr til baka úr leyfi og tekur við stöðu Sergio Ortega. Áfangastjóri hverfur á braut, a.m.k. í ár, og hefur Jóney Jónsdóttir, nýráðinn fjarnámsstjóri, verið ráðin staðgengill skólameistara frá og með hausti. Reynt er að leysa sem flestar stöður með því fólki sem þegar er við störf í skólanum.

Skúli Björn spyr út í SFR könnun en heildarniðurstöður hafa ekki verið sendar til skólans. ME var nr. 4 í hópi framhaldsskóla og nr. 11 af heildinni sem er jákvæður viðsnúningur frá því sem var fyrir nokkrum árum. Skúli bendir á að rétt væri að fjalla um þessar niðurstöður á heimasíðu skólans.

Andinn í starfsmannahópnum er almennt góður en starfsmenn lýsa samt nokkurri streitu í könnunum. Árni veltir því upp hvort næsta stóra starfsmannaferð gæti verið sjálfsræktarferð til Spánar fremur en stíf fræðsluferð með skólaheimsóknum.

4. Gjaldskrárbreytingar

Árni varpar upp gjaldskrá skólans og fer í gegnum hana. Heimavistargjald er lágt og tækifæri til hækkunar þar. Árni kynnir tillögu um að hækka mánaðarleigu heimavistar úr 15.000 kr. í 18.000 kr. fyrir 2-3 manna herbergi og úr 23.000 kr. í 25.000 kr. fyrir eins manns herbergi. Einnig að hækka innritunargjöld úr 6.000 kr. í 8.000 kr. og lyklagjald úr 7.500 kr. í 10.000 kr.

Árni varpar upp gjaldskrá mótuneytis og útskýrir hana. Hann setur fram tillögu um að máltíð í lausasölu verði hækkuð úr 1.200 kr. í 1.300 kr. og 10 miða matarkort hækkað úr 11.000 kr. í 11.500 kr. Einnig verði hádegisverður í föstu fæði hækkaður úr 1.000 kr í 1.100 kr. og máltíð í 5 daga fæði án kvöldverðar úr 950 kr. í 1.050 kr.

Fundurinn samþykkir heimild til skólameistara til að hækka gjaldskrá í samræmi við tillögur sem ræddar voru á fundinum með hliðsjón af fjölda skráninga á heimavist.

5. Dagatal haustannar

Árni varpar upp dagatali næsta skólaárs og segir lauslega frá helstu dagsetningum. Kennsla á haustönn hefst 21. ágúst og seinni spönn hefst 22. október. Jólaútskrift fer fram 21. desember.

6. Önnur mál

a) Raflæsingar á heimavist

Stefnt er að því að setja upp nýja raflæsinguna næsta haust og endurskoða starfshlutfall húsfreyju, jafnvel tengja starfsfólk í mótuneyti við kvöldgæslu. Samhliða nýju raflæsingunni fær hver heimavistarbúi raflykil á sínu nafni og þarf að stimpla inn lykilorð til að komast inn. Þetta gæti mögulega aukið áhuga nemenda á að vera á heimavist. Árni varpar upp mynd af tilboði Véla og verkfæra í raflæsingunni.

b) Umsóknir um skólavist

Um 140 nemendur völdu áfanga fyrir næstu önn og sóttu þar með um skólavist næsta vetur. 58 nýnemar hafa sótt um skólavist í haust auk þess sem nokkuð

margir hafa ME sem annað val. Það gæti því bæst í hóp nýnema. Þar að auki hafa um 15 eldri nemendur sótt um skólavist í haust. Framundan eru innritunarmál og má gera ráð fyrir því að svarbréf verði send nemendum á bilinu 20.-25. júní.

c) Þróunarverkefni innan skólans

Þriggja ára þróunarverkefni um leiðsagnarnám er lokið og verið að ræða hvað taki við. Ein hugmynd er að vinna með kjörorð skólans, virðing, gleði og jafnrétti og flétta þau betur inn í skólastarfið. Þetta var m.a. rætt á starfsdögum og þarfnast frekari skoðunar.

d) Annað sem rætt var

Aðalfundur SMÍ og FS verða haldnir 5. og 6. júní á Hótel Stracta á Hellu. Árni Óla og Jóney verða fulltrúar ME á fundunum.

Fundargerðir kennarafunda hafa verið vistaðar í dropboxið til kynningar fyrir skólanefnd í samræmi við fyrri samþykktir skólanefndar.

Kynningarmál á samskiptamiðlum hafa tekið stakkaskiptum undir stjórn Nönnu námsráðgjafa og hefur það vakið eftirtekt utan skólans.

e) Kosning formanns skólanefndar til eins árs

Skúli Björn gefur áfram kost á sér sem formaður skólanefndar. Fundurinn samþykkir einróma að hann gegni formennsku áfram. Þetta útilokar reyndar fundi á þriðjudögum næsta vetur vegna náms Skúla Björns en fundardagar verða ákveðnir á fyrsta haustfundi. Skipunartími í nefndinni er fjögur ár þótt fyrir komi að menn sitji lengur þegar dregst að skipa nýja nefnd.

Skúli Björn slítur fundi kl. 18:00.

Næsti fundur verður ákveðinn í haust.

Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.

Stali Björn
Anna Björk
Þinginn Þinn Þinn
Stallard W.

